



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Viðmiðunarreglur um veitingu launalausra leyfa kennara og skólastjóra í grunnskólum

1. Umsókn um launalaust leyfi, studd fullnægjandi gögnum, skal send viðkomandi skólayfirvöldum með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara.
2. Leyfi skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða.
3. Launalaust leyfi skal aðeins veitt þegar til þess liggja ríkar ástæður, sem starfsmanni ber að tilgreina. Framlenging á barnsburðarleyfi, sérstakar fjölskylduástæður, framhaldsnám eða annað sem metið er sambærilegt réttlætir launalaust leyfi. Ef starfsmaður hyggst ráða sig til annarrar vinnu til lengri tíma en einnar kennsluannar verður launalaust leyfi ekki veitt. Launalaust leyfi geti þó verið veitt til eins skólaárs ef starfsmaður hyggst ráða sig til starfa, sem kennari eða skólastjóri við grunnskóla í öðru sveitarfélagi, til starfa á skólaskrifstofu eða til starfa við aðra sambærilega stofnun.
4. Sami starfsmaður fær ekki endurtekið leyfi nema sérstakar fjölskylduástæður eða framhaldsnám réttlæti það og hagsmunir sveitarfélagsins mæli ekki gegn því. Endurtekið leyfi skal þó aldrei veita til að gegna öðru starfi, undanþegin eru þó störf í þágu stéttarfélags. Hafi samanlagt leyfi starfsmanns verið minna en þrjú mánuðir eða hafi liðið a.m.k. fimm ár frá launalaus leyfi, getur starfsmaður þó sótt um leyfi á ný.
5. Ef ráðinn er starfsmaður í stað þess sem veitt er launalaust leyfi, skal ganga skriflega frá því við ráðningu hans að hún sé til ákveðins tíma og sé slitið án uppsagnar.
6. Sveitarstjórn, eða sá sem hún felur til þess umboð, veitir kennurum og skólastjórum launalaus leyfi í samræmi við þessar reglur. Frávik frá þeim skal ætíð leggja fyrir sveitarstjórn.